

18. október 2009

## Viðauki við lýsingu á innihaldi samninga

Grein laga	Fyrirvari	Lyktir viðræðna ríkjanna – drög að viðaukasamningum
1.	Ríkisábyrgð gildir til 5. júní 2024	Engin tímatakörk ríkisábyrgðar. Gert áfram ráð fyrir að lán greiðist upp fyrir 2024. Ísland hefur rétt á að framlengja ef þörf krefur – en lán framlengist ennfremur sjálfkrafa ef eitthvað stendur eftir 2024. Lán rennur þá út 5. júní 2030 (og heimilt að framlengja um 5 ár í senn eftir það uns það er að fullu greitt).
1.	Kynna ber breskum og hollenskum stjórnvöldum fyrirvarana og þau verða að fallast á þá.	Bresk og hollensk stjórnvöld fallast á fyrirvarana með þeirri útfærslu sem kemur fram í viðaukanum. Íslenska ríkið og TIF fallast á þessa afgreiðslu málsins.
1.	Lánveitendur þurfa að viðurkenna að skuldbindingar TIF séu háðar sömu fyrirvörum og ríkisábyrgðin.	Lánasamningum er breytt þannig að skuldbindingar TIF og ríkisins falla algerlega saman.
2.1.	Túlka ber lánasamningana í samræmi við hin umsömdu viðmið frá 14. nóvember 2008 (s.k. Brussel-viðmið)	Lánasamningarnir kveða á um að þegar samið var um þá var það gert í samræmi við hin umsömdu viðmið.
2.1	Samningsaðilar verði við rökstuddri og málefnalegri beiðni Íslands um endurskoðun samninganna samkvæmt ákvæðum þeirra.	Samningsaðilar ítreka að unnt sé að breyta lánasamningunum á grundvelli ákvæða þeirra um endurskoðun. Í sameiginlegri yfirlýsingu verður mælt fyrir um viðræður að beiðni aðilja og viðbrögð ef aðstæður hafa breyst.
2.2.	Ekki verði gerð aðför í eigum sem Ísland þarf nauðsynlega á að halda til að starfrækja hlutverk sitt sem fullvalda ríki með viðunandi hætti. Sama eigi við um eignir íslenska ríkisins erlendis, þar á meðal eignir Seðlabanka Íslands, sem njóta verndar samkvæmt almennum reglum þjóðaréttur.	Aðilar staðfesta að afsal friðhelgi skv. lánasamningunum nái ekki til eigna Íslands sem njóta friðhelgi samkvæmt Vínarsáttmálanum, eigna á Íslandi sem eru ríkinu nauðsynlegar sem fullvalda ríkis, né eigna Seðlabanka Íslands.
2.3	Hvergi verði haggð við óskoruðum yfirráðum Íslands yfir náttúruauðlindum landsins	Aðilar staðfesta að ekkert í lánasamningunum hafi þá tilætlan eða þau áhrif að Ísland missi stjórn á

	og rétti handhafa íslensks ríkisvalds til að kveða á um nýtingu og skipan eignarhalds á þeim.	náttúruauðlindum eða rétti til að kveða á um nýtingu og skipan eignarhalds á þeim.
3	Efnahagsleg viðmið, þ.e. þak á greiðslur takmarkast við 4% af uppsöfnuðum hagvexti fyrir Bretland 2% af uppsöfnuðum hagvexti fyrir Holland. Uppsafnaður hagvöxtur er reiknaður frá 2008 til greiðsluárs.	Staðfest að greiðslur miðist við samanlagt 6% af uppsöfnuðum hagvexti. Tæknilegri útfærslu breytt.  Ákveðið að þak innihaldi bæði höfuðstólsgreiðslur og vexti en þó þannig að vextir verði alltaf greiddir að lágmarki. Ennfremur staðfest að þakið gildir áfram eftir 2024.
	Stefni í að lánsfjárhæð ásamt vöxtum verði ekki að fullu greidd í lok lánstímans vegna hinna efnahagslegu viðmiða skulu aðilar tímanlega eiga með sér viðræður um meðferð málsins og áhrif þess á samningana og skuldbindingar TIF.	Framlenging verður valkvæð á tímabilinu fram til 2024 en sjálfkrafa ef eitthvað stendur útaf í lok lánstíma. Ekki gert ráð fyrir sérstökum viðræðum um þetta efni.
4.1.	Ríkisábyrgð bundin því skilyrði að fáist síðar úr því skorið að aðildarríki EES beri ekki ábyrgð gagnvart innstæðueigendum vegna lágmarkstryggingar, þar á meðal við kerfishrun á fjármálamarkaði, fari fram viðræður um áhrif á lánasamningana og skuldbindingar ríkisins. Fari þær ekki fram eða leiði þær viðræður ekki til niðurstöðu geti Alþingi takmarkað ríkisábyrgð í eðlilegu samræmi við tilefnið.	Tekið verður fram í frumvarpi til breytinga á l. nr. 96/2009 íslenska ríkið viðurkenni ekki að því hafi borið skylda til að ábyrgjast greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda. Fáist síðar úr slíku álitafni skorið skuli efnt til viðræðna.  Í sameiginlegri yfirlýsingu er hnykkt á því að hver og einn aðili samninganna geti einhliða knúið fram viðræður um breyttar aðstæður sem leiði mögulega til viðbragða.
4.2.	Ríkisábyrgð takmarkast við að TIF láti reyna á rétthæð krafna sinna. Fari svo, skuli tekna upp viðræður milli aðila. Fari þær ekki fram eða leiði ekki til niðurstöðu geti Alþingi takmarkað ríkisábyrgð.	Fallist á þetta atriði, þannig að liggi fyrir ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins um að sérstakur forgangur TIF stríði ekki gegn EES-rétti, þá er vikið til hiðar viðkomandi ákvæði samninganna í samræmi við það án sérstakra viðræðna.
5.-8.		Aðilar staðfesta að þessi ákvæði varði eingöngu innanlandsmál og hafi ekki áhrif á samningana.